

Aðalfundur Drangeyjar - smábátafélags Skagafjarðar,

haldinn 30. september 2018 samþykkir eftirfarandi:

Tillögur til 34. aðalfundar Landssambands smábátaeigenda

1. Aðalfundur Drangeyjar skorar á stjórnvöld að taka upp fyrri takmarkanir á veiðum með dragnót á Skagafirði þannig að þær verði óheimilar innan línu sem dregin er milli Ásnefs í vestri í norðurhorn Þórðarhöfða í austri.

Fundurinn beinir þeim tilmælum til sveitarstjórnar Skagafjarðar að beita sér í þessu máli til hagsbóta fyrir smábátaútgerð á Skagafirði.
2. Aðalfundur Drangeyjar ítrekar fyrri samþykktir sínar um tafarlaugar endurbætur á hafnarmannvirkjum í Hofsósi.
3. Aðalfundur Drangeyjar fagnar áformum stjórnvalda um einföldun á útreikningum og viðmiðunum veiðigjalda. Hins vegar er skorað á Alþingi að hækka frítekjumark í 40% af fyrstu 5 m.kr. aflaverðmætis og 20% af næstu 4 m.kr. þess.
4. Aðalfundur Drangeyjar telur að sú tilraun sem gerð var á þessu ári með skipulag strandveiða hafi í meginatriðum reynst vel. Styður félagið áframhald þess að því gefnu að tryggt verði að aldrei komi til stöðvunar veiða þá 4x12 daga sem þær eru heimilar. Í ljósi markaðsaðstæðna og gæfta er lagt til að einnig verði heimilt að veiða á sunnudögum.

Einnig fagnar fundurinn því að ufsi hafi ekki verið talinn til kvóta.
5. Aðalfundur Drangeyjar skorar á Fiskistofu að breyta verklagi við útreikninga gjalda vegna umframafla á strandveiðum, þannig að umframafli verði reiknaður í einu lagi í lok veiðitímabilsins og gjaldið miðist við meðalverð hvers báts á tímabilinu.